FRÉTTABLAÐIÐ

151. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 28. JÚNÍ 2016

# Ísland 2 - 1 England

## Hvar endar þetta?



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Veður




Norðanátt í dag og rigning fyrir norðan og austan en skúrir sunnanlands. Búast má við talsverðri rigningu á Ströndum. Norðaustan 10-18 á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Hægari vindur annað kvöld og dálítil væta.

SJÁ SÍÐU 18



Bifreið sérsveitarinnar varð fyrir miklu tjóni þegar henni var ekið í neyðarakstri árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skemmdir lögreglubíla kostuðu 11 milljónir

**LÖGREGLA** Símtölum til neyðarlínunnar 112 fjölgaði um helming á milli ára 2014 og 2015. Þetta kemur fram í ársskýrslu Ríkislögreglustjóra sem gefin var út á mánudag.

Árið 2015 voru svokölluð verkefnatengd símtöl til lögreglu í gegnum 112 alls 91.495. Árið áður voru þau 60.881. Engar skýringar fengust hjá Ríkislögreglustjóraembættinu um ástæðu fjölgunarinnar og engin svör um efni skýrslunnar að neinu leyti.

Sérsveit Ríkislögreglustjóra tók þátt í 405 verkefnum árið 2015, þar af voru 198 sérsveitarverkefni og í 104 þeirra voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum.

Tjón á ökutækjum embættisins minnkaði á milli ára og voru 58 talsins. Tjónið var þó mun dýrara árið 2015 en árið þar á undan og nam um 11,3 milljónum króna. Tjón á lögreglubílum verða vegna hraðahindrana, þrenginga á akbrautum og vegriða. Þá valt jeppabifreið lögreglunnar á Austurlandi við Dreka í Holuhrauni og skemmdist. Lögreglubifreið sérsveitar skemmdist líka í umferðaróhappi þegar sérsveit ók neyðarakstur. – snæ

# Fjöldi ærðist á Arnarhóli



**Stuðningur heiman frá** Allt að tíu þúsund stuðningsmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu fylgdust með leik liðsins í 16 liða úrslitum á Evrópumótinu ofan af Arnarhóli í Reykjavík. Sannkölluð þjóðhátíðarstemning var í brekkunni og allt ætlaði um koll að keyra hjá bláa hernum hér heima þegar úrslitin voru ljós, liðið á leið áfram í 8 liða úrslit. Á höfuðborgarsvæðinu mátti heyra í flugeldum eftir að leik lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Deilan löng og óvægin

**KJARAMÁL** Kjaraviðræður flugumferðarstjóra og ISAVIA voru langar og strangar. Þær hófust í nóvember og lauk nú um helgina. Alþingi blandaði sér í málið og gaf frest til 24. júní til að leysa málið, að öðrum kosti yrði gerðardómur látinn ákveða kaup og kjör.

Sigurjón Jónasson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir það létti að samningur skuli vera í höfn. Samningurinn verður kynntur félagsmönnum annað kvöld. Hann segist sjálfur vona að samningurinn verði samþykktur. Deilan hafi verið of löng og óvægin.

„Þetta er mikill léttir. Ég vona að hann verði samþykktur. Ég lít á hann sem betri kost en gerðardóm en hvort félagsmenn eru sammála mér verður að koma í ljós,“ segir Sigurjón. „Ég held að þetta hafi verið óþarflega löng barátta sem hafi komið niður á flugfélögum, hún hefði ekki þurft að gera það.“ – áe




# Kornabarn var laust í leigðum barnabílstól

**Ung móðir leigði bílstól af versluninni Ólavíu og Oliver sem hún telur hafa verið gallaðan. Engar reglur gilda um leigu á bílstólum. Segir ólar sem halda eiga barninu hafa verið vitlaust þræddar. Svíar láta leigusala bílstóla sitja námskeið.**

**NEYTENDUR** „Ég tel ekki treystandi að leigja bílstóla frá versluninni Ólavíu og Oliver eftir mína reynslu,“ segir Guðbjörg Hulda Karlsdóttir en hún leigði barnabílstól af versluninni á dögunum sem var að hennar sögn gallaður.

Eftir að hafa haft stólinn á leigu í rúmlega viku tekur Guðbjörg eftir því að ólarnar sem halda barninu í stólnum höfðu verið vitlaust þræddar í stólinn þegar hún tók við honum. Engar reglur gilda um leigu á bílstólum.

„Við höfum reglur um það hvernig við yfirförum stólana, það er í raun bara ein manneskja hér sem sér um það,“ segir Birna Hrund Árnadóttir, eigandi Ólavíu og Olivers. Hún kannast ekki við umrætt mál en segir það koma sér á óvart.

Starfsmaður verslunarinnar fór yfir stólinn að Guðbjörgu viðstaddri þegar hún skilaði honum og varð ekki var við það að ólarnar væru rangt festar fyrr en Guðbjörg benti á gallann.

„Ég bið hana um að fara yfir stólinn fyrir framan mig, í raun til þess að sjá hvort hún átti sig á því hvað er að honum. Þær fara tvær yfir stólinn og hvorug þeirra tekur eftir því að ólin var laflaus,“ segir Guðbjörg.

„Mér vitanlega eru litlar sem engar reglur um svona leigu, staðan er þannig að það er gat í löggjöf með svona viðskipti,“ segir Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu. Að hans mati myndi það styrkja stöðu neytenda ef settar væru reglur um útleigu á lausafjármunum.

Herdís Storgaard, verkefnastjóri Miðstöðvar slysavarna barna, gagnrýnir það að engar reglur gildi um leigu af þessu tagi. „Ég hef í mörg ár reynt að fá stjórnvöld til að setja reglur um það hvernig leigu á svona öryggisvörum skuli háttað,“ segir Herdís.



Engar reglur gilda um leigu á barnabílstólum. NORDICPHOTO/AFP

> Þegar stóll sem kemur inn úr leigu er skoðaður þá þarf sá aðili að hafa til þess þekkingu og vissa þjálfun, það nægir ekki að sjónskoða stólana.
>
> Herdís Storgaard



Herdís segir að í Svíþjóð hafi sænska umferðarráðið gert þá kröfu að þeir aðilar sem selja eða leigja öryggisbúnað fyrir börn í bílum sitji reglulega námskeið.

„Þegar stóll sem kemur inn úr leigu er skoðaður þá þarf sá aðili að hafa til þess þekkingu og vissa þjálfun, það nægir ekki að sjónskoða stólana.“

VÍS leigir einnig út barnabílstóla en Arnþór Þórðarson, umsjónarmaður barnabílstóla hjá VÍS, segir að farið sé yfir alla stóla hjá þeim og þeir þrifnir.

„Þegar stólarnir koma inn til okkar þá tökum við af þeim áklæðið og þeir eru skoðaðir. Ólarnar, læsingarnar og allur búnaður er prófaður.“

thordis@frettabladid.is




## Áður óséð AURISatilboð til enda júní

á öllum gerðum Auris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

**Auris** og **Auris Touring Sports** eru sólarmegin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólríka sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verðdæmi á við Auris Live 1.4 dísil á 15" felgum frá Toyota Kauptúni. Verð getur verið mismunandi milli viðurkenndra söluaðila.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Grannt er fylgst með þróun katla og vatnssöfnun í Bárðarbungu

**NÁTTÚRA** Íssjármælingar á Bárðarbungu í vorleiðangri Jöklarannsóknarfélags Íslands (JÖRFÍ) fyrr í þessum mánuði sýndu engin merki um breytingar á botni öskjunnar frá síðasta ári og engar vísbendingar um að vatn sé að safnast fyrir inni í öskjunni.

Lægðin sem myndaðist við sig öskjunnar í umbrotunum 2014-2015 grynnkar vegna innflæðis íss og snjósöfnunar og hefur grynnkað um átta metra á ári.

Þetta kom fram á fundi vísindaráðs Almannavarna á miðvikudag þar sem farið var yfir niðurstöður mælinga og athugana á Bárðarbungu undanfarnar vikur. Fundinn sátu vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans auk starfsmanna frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Í leiðangri JÖRFÍ voru einnig gerðar gasmælingar við sigkatla á brúnum öskjunnar, sem myndast vegna jarðhita undir jöklinum. Þær sýna að útstreymi gass hefur lítið breyst síðasta árið.

Ný jarðskjálftastöð í tæplega 1.600 metra hæð í norðvesturhlíðum Bárðarbungu var sett upp 5. júní. Hún bætir nákvæmni staðsetninga jarðskjálfta inni í öskjunni til muna.

Jarðskjálftamælingar sýna að 51 jarðskjálfti stærri en þrjú stig hefur mælst í Bárðarbunguöskjunni frá goslokum.

Líklegasta skýringin á aflögun og jarðskjálftavirkni er innflæði kviku á 10-15 kílómetra dýpi undir Bárðarbungu, þar sem kvikan átti uppruna sinn í gosinu 2014-2015. Engar vísbendingar eru um kvikusöfnun ofar í jarðskorpunni. Þetta er algeng hegðun í kjölfar eldgosa.

Í kjölfar öskjusigsins í Bárðarbungu og aukins jarðhita er hætta á að vatn safnist fyrir undir sigkötlum eða inni í öskjunni. Því er mikilvægt að fylgjast áfram með þróun katlanna auk þróunar jarðskjálftavirkni, aflögunar, jarðhitavirkni og gasútstreymis. **– shá**



**Umbrotin í Bárðarbungu stóðu í rúmt hálft ár, til 27. febrúar 2015.** MYND/MTG

# Gætu þurft að sitja inni saklausir

**FANGELSISMÁL** „Þetta kostar fangelsin mikla peninga og tekur pláss frá öðrum sem eiga rétt á að taka út dóma sína," segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi, en undanfarið hefur það verið viðvarandi að fangar sem eru í fangelsi og eru að afplána dóm fái ekki reynslulausnir vegna þess að þeir eru með mál í kerfinu. Þá er lögreglan að skoða og rannsaka mál á hendur þeim fyrir annað brot og óvíst hvort þeir verði kærðir eða ekki. „Mörg málanna falla svo niður eða fangarnir eru sýknaðir fyrir dómi. Þetta verður til þess að stundum sitja fangar af sér tíma í fangelsi fyrir brot sem hugsanlega eru felld niður eða þeir saklausir af."

**Við teljum að lögreglan sinni ekki þessum málum.**



Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

Guðmundur segir nokkur slík mál í gangi í dag og þau séu mörg á hverju ári. „Fyrr á þessu ári sleppti Fangelsismálastofnun nokkrum föngum út eftir að ekkert hafði gerst í þeirra málum í að verða tvö ár. Enn er þeim málum ólokið."

Afstaða hefur óskað eftir því við Fangelsismálastofnun að sett verði tímamörk á slík mál og einstaklingum sleppt um leið ef ekki er kominn dómur innan tímamarka. „Við teljum að lögreglan sinni ekki þessum málum og láti þau bíða eins lengi og mögulegt er í einhverjum tilfellum, bæði til þess að fanginn sitji lengur inni og einnig vegna undirmönnunar hjá lögreglunni."

Ekki náðist í fangelsismálastjóra við gerð fréttarinnar. **– ngy**

# Unnið að lausn svo langveikt barn komist aftur heim til sín

**Björgvin Unnar hefur búið á spítala alla ævi. Bærinn segir heimaþjónustu stranda á ríkinu. Sveitarfélögum beri ekki skylda til að veita jafn umfangsmikla þjónustu. Vonast er til að hann verði heill heilsu eftir tvö ár.**

**SAMFÉLAG** „Það hefur í raun ekki staðið á því að sveitarfélagið er tilbúið að veita þjónustuna, en við erum að reyna að ná samkomulagi við ríkið," segir Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.

Greint var frá því í fréttum fyrir helgi að nítján mánaða drengur, Björgvin Unnar Helguson, gæti ekki flutt heim til sín vegna þess að Hafnarfjarðabær hefði dregið að veita honum nægilega heimaþjónustu til að hann geti kvatt barnaspítalann. Björgvin hefur búið á spítalanum allt sitt líf en læknar spítalans hafa metið það svo að með nægilegri þjónustu gæti hann útskrifast af spítalanum.

Björgvin Unnar er fastur við öndunarvél og hefur of þröngan barka til að geta andað sjálfur. Enn eru tvö ár í að Björgvin verði nógu stór til að geta undirgengist aðgerð sem víkkar barkann. Þegar þeirri aðgerð er lokið ætti Björgvin að geta lifað eðlilegu lífi.

„Í svona tilvikum þegar verið er að útskrifa veika einstaklinga heim þá ber sveitarfélögum ekki skylda til að veita þjónustu nema upp að ákveðnu marki. Við erum tilbúin að koma að málinu líka," segir Rannveig. Hún vonast til þess að lausn finnist á máli Björgvins Unnars á allra næstu dögum.

Björgvin þarf sólarhringsumönnun vegna þess að barkarennan sem hjálpar honum að anda getur stíflast en einnig á Björgvin það til að losa hana sjálfur. Í vor gekkst Björgvin undir aðgerð til að þrengja magaopið en við það hætti stöðug uppköst sem hann hafði og hann tók miklum framförum í þroska. Eftir aðgerðina varð einnig ljóst að með sólarhringsvöktun gæti Björgvin komist heim.




**Björgvin Unnar með mæðrum sínum, Helgu Kristrúnu Unnarsdóttur og Jónínu Sigríði Grímsdóttur. Fjölskyldan hefur nánast búið á Barnaspítala Hringsins síðastliðna 19 mánuði en Björgvin þarf stöðuga ummönnun.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jónína Sigríður Grímsdóttir, móðir Björgvins, segir að hann eigi það til að toga í barkarennuna og þá sé voðinn vís. „Hann er auðvitað bara óviti. Hann er með svo mikla þrengingu í barkanum að hann hefur í raun engan öndunarveg ef hún dettur út," segir Jónína Sigríður Grímsdóttir, móðir Björgvins.

Björgvin Unnari voru upphaflega boðnir 144 tímar á mánuði í heimaþjónustu en mæður hans segja það langt frá því að vera nóg. „Það gefur augaleið að við getum ekki lifað neinu eðlilegu fjölskyldulífi með það. Það myndi bara nægja til að við gætum sofið í tæpa fimm tíma á nóttu en svo værum við fastar heima," segir Jónína. Mæður Björgvins geta ekki sinnt vinnu á meðan staðan er svona vegna þeirrar umönnunar sem Björgvin þarf. Sjúkradagpeningar þeirra renna út í sumarlok og þá er fjölskyldan tekjulaus. **snaeros@frettabladid.is**

**Við erum tilbúin að teygja okkur mjög langt í málum til að styðja við fólk en viljum að ríkið komi að málinu líka.**



Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar

HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN

Fiskur vikunnar

27. júní til 1. júlí



Hlýri
ferskur og marineraður

★ 1.690 kr. kg.

HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook




RENAULT
Passion for life

# Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár

## KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

**Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.**

**RENAULT KANGOO, DÍSIL**
**1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL**

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

**RENAULT TRAFIC, DÍSIL**
**1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL**

Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

**RENAULT MASTER, DÍSIL**
**2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL**

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

www.renault.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM73205

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Ferðamannastaðir byggðir upp á Reykjanesi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Bláa lónið, HS Orka og Reykjanes UNESCO Global Geopark hafa gert með sér samkomulag vegna uppbyggingar ferðamannastaða á Reykjanesi. Bláa lónið og HS Orka leggja til 20 milljónir króna á þremur árum.

Reykjanes UNESCO Global Geopark nýtir framlagið til framkvæmda við veg og bílastæði við Gunnuhver, bílastæði við Reykjanesvita og byggingu nýs áningarstaðar við Brimketil. Verkefnin hafa að auki fengið stuðning úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Fyrirtækin eru stofnaðilar að Reykjanes UNESCO Global Geopark og taka sem slík þátt í rekstri og uppbyggingu ferðamannastaða á Reykjanesi. Fyrirtækin vilja auka stuðning sinn við uppbyggingu ferðamannastaða á næstu þremur árum, enda segir í tilkynningu að það sé sameiginlegur hagur allra sem að verkefninu koma að stuðla að aukinni þekkingu á Reykjanesi og vekja áhuga á jarðfræðilegri sérstöðu þess í alþjóðlegu samhengi.

HS Orka mun einnig bæta aðgengi að og veita upplýsingar um gönguleiðir í Eldvörpum.

Róbert Ragnarsson, formaður stjórnar Reykjanes UNESCO Global Geopark og bæjarstjóri í Grindavík, segir einstakt að fyrirtæki komi með svo öflugum hætti að uppbyggingu innviða. **– shá**







## Stærsta trúarhátíðin að hefjast



Biðröð eftir lestarmiðum í aðdraganda Eid al-Fitr hátíðarinnar á Kamlapur-lestarstöðinni í Dakka í Bangladess í gær. Milljónir borgarbúa halda von bráðar í heimaþorpið til að taka þátt í þessari stærstu trúarhátíð heims hinn 6. júlí næstkomandi, en hún markar endalok ramadan, föstumánaðar múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Undirbúa málsókn

**Vogunarsjóðir kanna hvort ólöglega hafi verið staðið að útboði Seðlabankans á aflandskrónum. Lögmaður þeirra telur aðgerðir íslenska ríkisins harkalegar.**

**EFNAHAGSMÁL** Bandarískir vogunarsjóðir undirbúa nú málsókn á hendur íslenska ríkinu vegna laga um aflandskrónaúboð. Þeir vilja láta reyna á hvort lögin standist stjórnarskrá og hafa farið fram á við héraðsdóm að dómkvaddir verði tveir óvilhallir matsmenn til að meta lögmæti laganna. Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fyrsti varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar, telur þessar hugmyndir þvælu.

Fyrr í mánuðinum hélt Seðlabanki Íslands aflandskrónaútboð þar sem eigendum var boðið að losa sig út á ákveðnum kjörum. Gátu þeir keypt evrur fyrir um 190 krónur á hagstæðasta verðinu en gengi evru í dag er undir 140 krónum. Með útboðinu náði Seðlabankinn inn rúmum sjötíu milljörðum króna og greiddi fyrir þær andvirði tæpra fimmtíu milljarða.

„Ég hef engar áhyggjur af þessum vangaveltum,“ segir Brynjar. „Þeir eru hvort heldur sem er búnir að

> **Nú, ef þeir ynnu mál í framhaldinu þá verður bara ekkert aflétt höftum, það er bara þannig.**
>
> Brynjar Níelsson, varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis



vera í höftum og fengu að fara út með vextina sína sem Íslendingar hafa ekki fengið. Ef þetta er ólöglegt þá hafa höftin verið ólögleg allan tímann.“ Málshöfðunin sé einhver þvæla. „Það er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur, fyrir lögunum eru málefnaleg sjónarmið, meðalhóf virt og þetta er liður í losun hafta.“

Pétur Örn Sverrisson, lögmaður vogunarsjóðanna, segir umbjóðendur sína telja aðgerðir stjórnvalda harkalegar, þær gangi gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og séu í reynd eignaupptaka.

„Við höfum komið á framfæri hugmyndum um sanngjarnari leið sem myndi ná sömu markmiðum stjórnvalda. Ekki hefur verið hlustað á þær hugmyndir. Við áréttum að engum hefur verið stefnt enn þá en það er fyrsta skrefið hjá okkur að fá dómkvadda matsmenn að borðinu áður en lengra er haldið,“ segir Pétur. Hann telur einnig að málið muni ekki hafa áhrif á áætlun stjórnvalda um afnám hafta.

Brynjar segir málaferli hins vegar geta sett strik í reikninginn. „Það gæti alveg tafið ferlið eitthvað. Nú, ef þeir ynnu mál í framhaldinu þá verður höftum bara ekkert aflétt, það er bara þannig.“

**sveinn@frettabladid.is**




# REYKJAVÍK » KÓPA~~VOGUR~~ SKER

## ÞÚ FINNUR EKKI FYRIR KÍLÓMETRUNUM

## CITROËN C4

Það er auðvelt að gleyma sér við akstur þegar maður er á liprum, sparneytnum og þægilegum Citroën C4. Hönnun hans er í senn hagnýt og grípandi. Ekki nóg með það heldur er hann búinn nýrri Puretech vél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn Vél ársins (International Engine of the Year). Margverðlaunaða Puretech vélin sameinar frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun. Citroën C4 er fáanlegur með nýrri sex þrepa sjálfskiptingu sem hefur fengið mikið lof.

Sérstaða Citroën C4 felst jafnframt í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Má þar nefna 7" snertiskjá í mælaborði, tölvustýrða miðstöð, fjölstillanleg sæti sem eru einstaklega þægileg, frábæra hljóðeinangrun, hraðastilli og nýja kynslóð LED ljósa.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.990.000** KR.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

ÚRVAL
NOTAÐRA BÍLA
BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!

FRÁBÆR KAUP

GÖNGUM FRÁ FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM
RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 01/16, ekinn 3 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 370042
VERÐ! 2.490 þús.

FRÁBÆR KAUP

HONDA CRV EXECUTIVE
Nýskr. 08/12, ekinn 54 þús km.
bensín, sjálfskiptur
Rnr. 143529
VERÐ kr. 4.590 þús.

FRÁBÆR KAUP

HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 06/13, ekinn 35 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 121030
VERÐ kr. 2.490 þús.

FRÁBÆR KAUP

KIA RIO III
Nýskr. 04/12, ekinn 65 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 121031
VERÐ kr. 1.990 þús.

FRÁBÆR KAUP

PEUGEOT 208
Nýskr. 09/12, ekinn 34 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 121029
VERÐ kr. 1.790 þús.

FRÁBÆR KAUP

TOYOTA RAV4 VX
Nýskr. 07/14, ekinn 36 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 121027
VERÐ kr. 5.890 þús.

FRÁBÆR KAUP

VW POLO TRENDLINE
Nýskr. 05/14, ekinn 47 þús km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 121023
VERÐ kr. 1.890 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


## Dæmi um rasisma í Bretlandi í kjölfar Brexit







Á næsta borði spurðu hjón pólska þjónustustúlku: „Af hverju ertu svona glaðleg? Þú ert á leiðinni heim.“ Svo fóru þau að hlæja. Ógeðslegt.

Skosk dóttir mín býr í Wales og hefur ítrekað verið sagt að fara heim undanfarna tvo daga! Sameinað Bretland, einmitt!

Dóttir mín sagði mér að einhver hefði skrifað „(Nafn viðkomandi) farið aftur til Rúmeníu“ á vegginn á stúlknaklósettinu í skólanum í dag.

# Ólgan eykst í Bretlandi

**Rasistar nýta sér úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu síðustu viku. Lögregla tekst á við fjölda hatursglæpa. Breska pundið í þrjátíu ára lægð og hlutabréfahrun.**

Brexit


Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is
Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Eftir þjóðaratkvæðagreiðslu Breta á fimmtudag í síðustu viku hafa margir hatursglæpir verið tilkynntir til bresku lögreglunnar. Þá hafa liðna helgi rasísk ummæli og uppákomur verið skjalfestar á samfélagsmiðlum, svo sem á Twitter og Facebook, merkt myllumerkinu #postrefracism.

Lögreglan í vesturhluta London rannsakar árás gegn pólskum menningarsamtökum í borginni. Pólverjar eru stærsti hópur innflytjenda í Bretlandi. Á byggingu samtakanna var krotað; „Farið heim.“

Í Cambridgeshire var bæklingum dreift með slagorðunum: Farið úr Evrópu/Ekki fleiri pólsk meindýr. Slagorðin voru bæði á ensku og pólsku.

Morguninn sem úrslitin voru ljós var blaðamaður staddur á hóteli við Piccadilly-torg. Á hótelinu starfa að stærstum hluta Pólverjar, Ungverjar og Rúmenar. Starfsfólkið grét og var í augljósu uppnámi vegna niðurstöðu kosninganna. „Við vitum ekkert, við vitum ekki hvort við þurfum að fara heim. Ég hef verið hér í fimm ár,“ sagði ungversk stúlka, sem hafði unnið sig upp í starf móttökustjóra á hótelinu. Ítölsk samstarfskona hennar tók undir með henni. „Það er ekki bara það. Við erum ekki hluti af heildinni, við erum aðskotahlutir. Okkur líður eins og við séum óvelkomin,“ sagði hún.

Rasistar virðast nýta sér kosningaúrslitin til þess að koma skilaboðum sínum á framfæri þrátt fyrir að leiðtogar Brexit-kosningabaráttunnar hafi tekið skýrt fram að nýtt kerfi fyrir innflytjendur myndi ekki hafa áhrif á íbúa Bretlands frá Evrópusvæðinu. „Það verða engar breytingar fyrir íbúa Evrópu sem eru nú þegar löglega búsettir í Bretlandi,“ segir á vefsíðu kosningabaráttunnar.

Þá tók borgarstjóri London, Sadiq Khan, fram að Evrópubúar væru áfram velkomnir til London. Boris Johnson, fyrrverandi borgarstjóri Lundúna og einn helsti talsmaður útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, gerði einnig sitt til þess að lægja öldurnar. Í viðtali við Telegraph um helgina sagði hann að réttinda Evrópubúa í Bretlandi yrði gætt. „Og það sama gildir um breska ríkisborgara sem búa í Evrópu. Bretar geta enn farið til Evrópu, til að vinna, búa, ferðast, læra, kaupa sér heimili og setjast þar að,“ sagði hann.

Þrátt fyrir allar þessar fullyrðingar upplifa innflytjendur bæði óvissu og óvild og það má kannski skilja sé litið til skjalfests áreitis og hatursglæpa sem sagt er frá á samfélagsmiðlum.

### Gengi sterlingspunds gagnvart bandaríkjadal




HEIMILD: XE.COM

### Hlutabréfahrun í breskum bönkum

Mikil ókyrrð hefur verið á breskum hlutabréfamarkaði frá því að niðurstaða Brexit-kosninganna lá fyrir.

Bretland er með fjórða stærsta bankakerfi í heimi. Hlutabréf í breskum bönkum og alþjóðlegum fjármálastofnunum hafa hrunið frá kosningunum. Við lokun markaða í gær hafði gengi bréfa í Lloyds lækkað um 28 prósent frá kosningum og í RBS um 30 prósent. Um eftirmiðdaginn í gær hafði gengi bréfa í JPMorgan lækkað um 10 prósent og í Citigroup um 13 prósent.

Greiningaraðilar spá versnandi áhrifum af Brexit.

Spáð er að atvinnuleysi muni ná 5,9 prósentum árið 2017 í Bretlandi, og að hagvöxtur muni dragast verulega saman bæði í Bretlandi og á evrusvæðinu.

# Til hamingju strákar!

ÍSLAND Á EM

Við óskum íslenska karlalandsliðinu innilega til hamingju með að hafa tryggt sér þátttöku í 8 liða úrslitum á EM í Frakklandi. Frammistaða liðsins sannar að ekkert er ómögulegt. Við stöndum við bakið á strákunum okkar alla leið.

**Áfram Ísland!**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




# Sigur lóunnar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það eru merkilegir hlutir að gerast á EM í Frakklandi. Á risavöxnum leikvöngum er íslenska smáþjóðin að vinna glæsta sigra, jafnt innan vallar sem utan, og heimsbyggðin hrífst með. Ekki vegna þess að við erum smáþjóð heldur vegna framkomu, samheldni og ástríðu leikmanna jafnt sem stuðningsmanna þessa skemmtilega liðs frá íshafsklettinum í Norður-Atlantshafi.

Þessi árangur er auðvitað hvorki tilviljun né heppni heldur afrakstur öflugs starfs knattspyrnuhreyfingar, félaga, þjálfara, foreldra og sjálfboðaliða sem hafa hlúð að iðkendum af kærleika og fórnfýsi. Þessi árangur sýnir okkur svo ekki verður um villst hverju við getum áorkað þegar við leggjum rækt við hlutina og leitumst við að gera þá af vandvirkni, fagmennsku og metnaði. Við gætum til að mynda hugsað okkur íslenskt menntakerfi sem viðlíka metnaður væri lagður í og hversu farsælli framtíð það gæti skilað afkomendum okkar um ókomin ár. Þannig að það er sitthvað sem við getum lært af þessu ævintýri – sitthvað sem við skulum ekki gleyma þegar rennur af okkur mesta gleðivíman. Við förum alltaf langt á samheldni, vinnusemi og sómasamlegri framgöngu.

Það er líka vonandi að Evrópa læri þessa íslensku lexíu og læri hana vel. Því í Frakklandi hafa sumar hinna stóru og herskáu þjóða setið uppi með organdi illar bullur sem þarfnast vopnaðrar gæslu nánast í hverri klósettferð, sjálfum sér og þjóð sinni til háborinnar skammar enn og aftur. En á sama tíma standa sólbrenndar í íslensku stúkunni sömu fjölskyldurnar og fara á sumarmótin hér heima með börnunum sínum og aðrir gleðigjafar á öllum aldri, karlar og konur, börn og unglingar. Og á meðan bullurnar öskra eitthvað um orrustur, eigið ímyndaða ágæti og mikilfengleik syngja Íslendingarnir eins og heiðlóur á sólríku sumarkvöldi um ástina og bæinn í sveitinni undir jöklinum sem logar í íslenskri kvöldsólinni. Og viti menn: Heimsbyggðin leggur hlustir við söng heiðlóunnar en skellir skollaeyrum við öskri ljónsins.

Þegar þessi orð eru skrifuð er enn óvíst um úrslit leiksins í gærkvöldi. Það eitt er þó víst að strákarnir í íslenska liðinu eiga skildar hamingjuóskir, þúsund þakkir og bestu kveðjur norðan úr Íshafi fyrir stórkostlega framgöngu innan vallar sem utan. Fylgjendur liðsins og aðdáendur mega líka bera höfuðið hátt og geta hlakkað til morgundagsins hvernig sem fer því íslenska fótboltasumarið er rétt að hefjast. Með áframhaldandi öflugu starfi munu bæði strákarnir og stelpurnar okkar halda áfram að skipa sér á bekk meðal þeirra bestu. Skipa sér á bekk meðal stórþjóða sem eiga oftar en þær grunar eftir að heyra sigursælan söng heiðlóunnar í íslenska fótboltasumrinu sem er komið til að vera.

**Heimsbyggðin leggur hlustir við söng heiðlóunnar en skellir skollaeyrum við öskri ljónsins.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Fjórtán þúsund atkvæði**

Kjósendur tóku margir andköf þegar Davíð Oddsson bauð sig fram til forseta í vor. Þann mann yrði erfitt að sigra. Vandræðin hófust þó strax því sjálfboðaliðar Davíðs áttu fullt í fangi með að safna nægilega mörgum meðmælendum við framboðið. Niðurstaðan var fjórða sætið, þrátt fyrir spár um að hans stuðningsmenn mættu manna best á kjörstað. Árið 1980 bauð ráðherrann fyrrverandi, Albert Guðmundsson, sig fram og lenti í þriðja sæti með 25.599 atkvæði. Árið 2016 bauð fyrrverandi forsætisráðherra sig fram, lenti í fjórða sæti og hlaut 14.904 atkvæði. Það er ekki einu sinni þriðjungur atkvæða Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum, sem þó var ekkert til að hrópa húrra fyrir.

**Nýi tíminn í Nice**

Ólafur Ragnar Grímsson var, að sögn vegfarenda, nokkuð tregur til að láta mynda sig með nýjum forseta, Guðna Th., fyrir leik Íslands og Englands í gær. Myndir af þeim ásamt eiginkonum sínum, Elizu Reid og Dorrit Moussaief, dreifðust þó hratt um samfélagsmiðla. Flestir höfðu orð á því hvað nýju forsetahjónin voru alþýðleg í landsliðstreyjum Íslands við hlið fráfarandi forseta sem var í sínum einkennisklæðnaði, tvíhnepptum jakkafötum. Einn gekk svo langt að breyta myndinni þannig að Guðni væri í lit en Ólafur í svarthvítu. Tákn nýja og gamla tímans.

snaeros@frettabladid.is

# Eldi á villtum laxastofnum



Jón Viðar Viðarsson
vélfræðingur

Borið hefur á frekar ómaklegri gagnrýni í garð fiskeldisframleiðenda upp á síðkastið. Gagnrýnin hefur verið tvíþætt, þá er annars vegar verið að gagnrýna fiskeldið sjálft og hins vegar starfsmenn þess. Ég tel að fjölmiðlar séu ekki vettvangur fyrir slíka gagnrýni og séu frekar til þess að skaða orðspor beggja aðila. Heldur þarf að leiða saman hagsmunaaðila þar sem málefni eru borin upp og fundinn farvegur að viðeigandi lausn.

**Jákvæðu áhrifin**

Stóru laxeldisfyrirtækin eiga hrós skilið fyrir þann dugnað og úthald sem þau hafa sýnt. Þau hafa skapað mikið af heilsársstörfum sem stjórnast ekki af árstíðasveiflum. Ég tel að eldi geti verið liður í því að minnka atvinnuleysi og auka fjölbreytni á afskekktustu stöðum þessa lands. Fjölbreytt eignarhald, eins og t.d. að útlendingar eigi hlut í eldinu hér heima, tel ég að sé mjög jákvætt því þar getum við sótt okkur þekkingu og aukið aðgang okkar að mörkuðum.

**Skapi sér stefnu til framtíðar**

Við Íslendingar glímum við háan flutningskostnað. Þá er skynsamlegt að við sköpum okkur sérstöðu í stað þess að vera að keppa við stór framleiðslulönd á borð við Noreg, Færeyjar og Kanada. Með slíkri sérstöðu getum við aukið við verðmætasköpun á fiskinum og selt á mörkuðum sem eru tilbúnir að greiða hátt verð fyrir slíka vöru. Hátt kílóverð lækkar hlutfall flutningskostnaðar í heildarverðinu. Ég tel að við ættum að nýta villta íslenska laxastofna og stunda kynbætur á þeim. Með því að velja góða stofna og ala þá ekki of langt frá villtum stofnum sköpum við okkur mikla sérstöðu í mörgu tilliti. Með þessu gætum við skapað okkur jafnvel nýjan staðal og markaðssett upprunann og hreinleikann. Ég tel að þetta sé vinna sem fyrirtækin ættu að huga að nú þegar talsverð reynsla er komin í laxeldið.

**Ég tel að við ættum að nýta villta íslenska laxastofna og stunda kynbætur á þeim.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Er læsisverkefni á réttri leið?



Arnór Guðmundsson
forstjóri Menntamálastofnunar

Þjóðarátak um læsi hófst á síðasta ári með því að öll sveitarfélög landsins skrifuðu undir yfirlýsingu um að efla læsi grunnskólabarna. Hluti af samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um þetta verkefni var að ríkið myndi leggja fjármagn til verkefnisins og var Menntamálastofnun falið að sjá um framkvæmd þess. Almenn sátt var um að markvissra aðgerða væri þörf til að snúa við þróun sem sýnir að lestrargetu íslenskra ungmenna fer hrakandi. Er nú svo komið að nær þriðjungur íslenskra drengja telst ekki geta „lesið sér til gagns“ við lok grunnskóla samkvæmt mælingum PISA-rannsóknar.

Þann 1. október á síðasta ári tók til starfa teymi sérfræðinga sem Menntamálastofnun réð til að vinna að framgangi verkefnisins. Teymið byggði á aðgerðaáætlun sem starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis vann og byggir á gagnreyndum aðferðum þjóða sem hafa náð góðum árangri í að efla lestrarkunnáttu.

Í starfi teymisins hefur verið lögð áhersla á að undirbúa vel ráðgjöf til skóla, sveitarfélaga og foreldra. Mun ráðgjöfin byggjast á áreiðanlegu mati á núverandi stöðu, leiðbeiningum um hvernig nýta megi mælingar til að fylgjast með framgangi verkefnisins og endurbótum á því. Í framtíðinni mun ráðgjöfin að stórum hluta byggjast á niðurstöðum stöðuprófa í læsi fyrir 1.-10. bekk sem taka til lesfimi, lesskilnings og ritunar. Prófin munu bæta möguleika kennara til að meta stöðu nemenda og koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.

**Rekstrarkostnaður grunnskóla nemur nú nærri 60 milljörðum króna á ári. Í því samhengi telst það varla ofrausn að 1% af þeirri upphæð sé lagt í þróunarkostnað sem dreifist á fimm ár.**

Læsisteymið hefur komið miklu í verk á þeim ríflega átta mánuðum sem það hefur starfað. Sendar hafa verið upplýsingar er varða forspá til allra grunnskóla um stöðu nemenda í grunnskólum í lestri. Í kjölfarið hefur verið veitt ráðgjöf til 14 sveitarfélaga og búið er að ákveða tíma til ráðgjafar hjá 17 sveitarfélögum til viðbótar nú í haust. Jafnframt hefur teymið verið með fræðsluerindi fyrir fræðslustjóra og skólastjórnendur á tólf stöðum á vordögum, mun það einnig kynna starf sitt á kennaraþingum víðsvegar um land nú í haust. Ekki var gert ráð fyrir að ráðgjöf á vegum læsisteymisins yrði meginþunginn í starfinu fyrr en lokið væri gerð hluta stöðuprófa í læsi en fyrsti hluti þeirra verður tilbúinn til notkunar á haustmánuðum. Ráðgjöf til sveitarfélaga er því á áætlun. Gerð kynningarefnis og vefsíðu um læsi er einnig á áætlun og er gert ráð fyrir að ný vefsíða verði opnuð nú í haust.

**Stendur öllum til boða**

Þegar sérfræðingar voru ráðnir til starfa í læsisteymi var lögð áhersla á að fá til starfa kennara sem höfðu mikla reynslu af skólastarfi og lestrarmálum. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum komu upp nokkrir erfiðleikar sem leiddu til þess að hluti læsisráðgjafa hugðist hætta störfum nú í vor. Tókst að greiða úr þessum vanda með ásættanlegum hætti og nú er staðan sú að þrír læsisráðgjafar hafa dregið uppsagnir sínar til baka. Tveir læsisráðgjafar munu hverfa aftur til fyrri starfa og munu þeir koma til með að eiga í samstarfi við læsisteymið á vettvangi síns sveitarfélags. Ekki er komin niðurstaða varðandi stöðu teymisstjóra. Þegar hefur verið ráðið í eina stöðuna sem losnaði og fleiri stöður munu verða auglýstar á næstunni. Kemur til greina að einhverjir nýrra starfsmanna verði staðsettir á landsbyggðinni.

Rekstrarkostnaður grunnskóla nemur nú nærri 60 milljörðum króna á ári. Í því samhengi telst það varla ofrausn að 1% af þeirri upphæð sé lögð í þróunarkostnað sem dreifist á fimm ár. Sveitarfélög hafa reyndar tekið því fagnandi að ríkið hefur lagt hönd á plóginn því möguleikar þeirra til að styðja við þróunarstarf í sínum grunnskólum eru mismunandi. Ráðgjöf læsisteymis MMS stendur öllum sveitarfélögum til boða. Verkefnið er umfangsmikið og markmiðin háleit og ljóst er að það tekur tíma.

# Svikabrigsl – svar



Þórður Guðmundsson
verkfræðingur og og fv. forstjóri Landsnets

Magnús Rannver Rafnsson hefur skrifað margar greinar í fjölmiðla undanfarið þar sem hann vandar mér ekki kveðjurnar og sakar mig ítrekað um spillingu og saknæmt athæfi. Í hans huga er ég í hópi fjölmargra annarra einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og jafnvel ráðherra sem allir virðast hafa tekið sig saman um að stöðva hann í hönnun umhverfisvænni háspennumastra.

Magnús hefur farið víða og taka skrif hans til fjölmargra atriða frá 2008 er Landsnet stóð fyrir samkeppni um háspennumöstur sem hefðu minni sjónræn áhrif. Innsendar tillögur voru 98 og þar af átti Magnús Rannver eina. Af þeim tillögum sem bárust voru níu svonefnd spírugerð möstur, sambærileg því sem Magnús Rannver segir nú að sé hans hönnun og hann kynnir Landsneti fjórum árum eftir samkeppnina. Sum þessara mastra frá samkeppninni 2008 eru býsna lík „lögvörðu“ mastri Magnúsar en hafa verður í huga að möstur af sambærilegri gerð hafa verið hönnuð úti um allan heim í áratugi.

Magnús hefur látið að því liggja að ég hafi með saknæmum hætti beitt mér fyrir því að ARA Engineering var falið það verkefni að hanna það mastur sem hann hefur gagnrýnt hvað mest og vísar þá til þess að ég starfi á þeirri verkfræðistofu í dag. Samkvæmt málflutningi hans mætti ætla að þetta mastur skipti fyrirtækið miklu máli fjárhagslega. Hið sanna er að þetta verkefni er lítið að umfangi og því ekki sá fjárhagslegi ávinningur sem halda mætti af skrifum Magnúsar. Hann hefur einnig gert það tortryggilegt að Árni Björn Jónasson sé vinur minn og vinnuveitandi í dag og því hafi Landsnet á sínum tíma falið ARA Engineering þetta verkefni. Þetta eru staðlausir stafir.

Magnús hefur haldið því fram að hugmyndin að því mastri sem deilt er um sé frá honum komin árið 2012 og að hann hafi kynnt mér hana sama ár. Í sýndarveruleika Magnúsar kann þetta að virðast rétt, en raunveruleikinn er annar. Þegar í ársbyrjun 2007 kynnti verkfræðistofan Línuhönnun Landsneti spírumastur og í verkhönnunarskýrslu Línuhönnunar 2008 vegna fyrirhugaðra línubygginga suður á Reykjanesi er m.a. að finna það spírumastur sem Árni Björn Jónasson hannaði síðar, enda hann höfundur þeirrar tillögu. Þessi gerð masturs hafði því verið í þróun í rúm sex ár áður en Magnús Rannver kom til sögunnar. Hugmynd Árna Björns var því kynnt Landsneti ári fyrir margumrædda samkeppni og sex árum áður en Magnús segist hafa komið með sína tillögu! Þetta veit Magnús.

**Stóð ekki við samning**

Magnús hefur ítrekað sagt að Línudans hafi gert samning við Landsnet um hönnun masturs, samning sem nú sé verið að brjóta. Í sýndarveruleika Magnúsar er þetta eflaust svo, en ekki í raunveruleikanum. Ég minnist þess að hafa gert samning við hann (Cooperation Agreement) um að Landsnet veitti Línudansi aðstoð við prófanir og byggingu á mastri úr trefjaefni sem Línudans ætlaði að ráðast í hönnun á. Verkefnið var ekki um að Línudans skyldi hanna mastur eða möstur fyrir Landsnet. Í samningnum segir að aðilar skuli hittast á hálfs árs fresti. Um ári eftir að samningurinn var undirritaður óskaði ég eftir að kannað yrði hvort verkefnið væri komið af stað, en ekki fengust nein svör frá Magnúsi. Samningurinn var til sex ára, þannig að tvö ár eru eftir. Því spyr ég nú: Magnús, er ekki kominn tími til að ræsa verkefnið, sýna spilin og standa við öll stóru orðin?

Magnús hefur kært Árna Björn Jónasson til siðanefndar Verkfræðingafélagsins og Samkeppnisstofnunar sem vísuðu kæru hans frá. Hann hefur sakað ráðherra um að styðja sig ekki. Hann hefur ásakað mig og starfsmenn Landsnets um spillingu. Svo virðist sem í huga Magnúsar sé eitt allsherjar samsæri í gangi. Eftir um fjögurra ára sögu hefði ég vænst þess að eitthvað nýtt og bitastætt lægi fyrir eftir Magnús um þróun þessa verkefnis en svo er ekki. Mér þykja greinarskrif hans undanfarið með ólíkindum. Sé hann virkilega þeirrar skoðunar að um sé að ræða allsherjar svika- og spillingarsamsæri, þar sem ég kem við sögu, þá hvet ég hann til að fara með málið fyrir dómstóla sem er rétta leiðin til að útkljá jafn alvarlegt mál sem þetta, frekar en endurteknar dylgjur eins og og hann hefur birt í fjölmiðlum. Einnig myndi ég hvetja hann til að leita allra leiða til að kæra hina væntu spillingu, hvar sem hann getur komið því við, þar sem ég hygg að við báðir séum sammála um að það er grafalvarlegt mál ef spilling kemur hér einhvers staðar við sögu.

Að lokum þetta Magnús Rannver. Ég hef aldrei á minni starfsævi kynnst jafn rætnum, persónulegum og illgjörnum skrifum og þínum undanfarin ár. Þetta verður eina skiptið sem ég svara þér á opinberum vettvangi.

# Af einkaskólum og grunnþjónustu



Adda María Jóhannsdóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði

Eins og fram kom í grein formanns bæjarráðs og fræðsluráðs Hafnarfjarðar, sem birtist þann 9. júní sl., hefur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar samþykkt nýjan einkaskóla í Hafnarfirði. Í desember sl. var samþykkt að veita skólanum starfsleyfi án þess þó að fjárheimildir væru fyrir rekstrinum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Þjónustusamningur vegna skólans var samþykktur í fræðsluráði þann 1. júní sl. og í bæjarstjórn þann 8. júní. Rétt er þó að benda á að í þeim þjónustusamningi er gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær greiði einungis með 45 nemendum en forsvarsmenn skólans hafa í sínum áætlunum gert ráð fyrir 120 nemendum í fullsetnum skóla. Rekstrargrundvöllurinn hlýtur því að teljast veikur.

**Forsenda nýsköpunar?**

Í umræddri grein er bent á að í málefnasamningi meirihluta bæjarstjórnar sé lögð áhersla á nýsköpun og fjölbreytni í skólastarfi. Á þeim forsendum er umræðan um einkaskóla einkum byggð. Það eru kaldar kveðjur til skólasamfélagsins í Hafnarfirði. Og eðlilegt að spyrja hvað grunnskólarnir sem reknir eru af bæjarfélaginu gætu gert fyrir þá fjármuni sem ætlaðir eru í hinn nýja einkaskóla. Það má telja nokkuð víst að þeir gætu nýst vel í ýmsa nýsköpun í skólastarfi. Það hefði verið kærkomin búbót, ef aukið svigrúm var að finna í fjárheimildum, að nýta þær á þeim vettvangi.

**Leikskólar víkja fyrir einkaskóla**

Það undrast margir þá forgangsröðun að hægt sé að ráðast í stofnun einkaskóla sem mun kalla á aukin útgjöld af hálfu bæjarins á sama tíma og leikskólaúrræðum er lokað í bænum. Á síðastliðnum tveimur árum hefur núverandi meirihluti þegar lokað tveimur leikskólaúrræðum og fyrir dyrum stendur lokun tveggja til viðbótar, þar á meðal eins elsta starfandi leikskóla bæjarins. Ástæða þessara lokana eru að sögn fulltrúa meirihlutans nauðsynlegar hagræðingaraðgerðir.

**Í þágu einkavæðingar**

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í fræðsluráði hafa gagnrýnt þá forgangsröðun sem birtist í þessum ákvörðunum. Í stað þess að forgangsraða í þágu grunnþjónustunnar og láta umframfjármuni renna til þeirra leik- og grunnskóla sem bærinn rekur ætla fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar að kosta tugum milljóna til þess að fjármagna einkaskóla á unglingastigi. Það er ekki forgangsröðun sem okkur hugnast.







Aron Einar Gunnarsson fagnaði gríðarlega í leikslok þegar ljóst var að Íslandi hafði sent enska landsliðið heim af Evrópumótinu í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bræður okkar ljónshjarta

**Ísland upplifði stærsta íþróttaafrek í sögu þjóðarinnar þegar strákarnir okkar unnu England í 16-liða úrslitum EM í Frakklandi, 2-1, á Allianz Riviera leikvanginum í Nice í gærkvöldi. Sigurinn var fyllilega verðskuldaður enda frammistaða íslenska liðsins stórbrotin, ekki síst þar sem liðið lenti undir í upphafi leiks.**

EM2016



Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Þegar leikurinn í Nice var flautaður af og sigur Íslands á Englandi í 16-liða úrslitum staðreynd sameinaðist íslenska þjóðin í fögnuði. Strákarnir okkar, hetjurnar okkar, þyrptust að horni vallarins þar sem stuðningsmenn Íslands stóðu. Það voru ósjálfráð viðbrögð allra, bæði leikmanna inni á vellinum, leikmanna og starfsmanna á bekknum.

Það var stund sem nær ef til vill einna besta að lýsa þýðingu stundarinnar. Íslandi tókst að leggja England að velli á stórmóti, og það í útsláttarkeppni. Fögnuðurinn var innilegur og ósvikinn, og verðskuldaður.

Það þurfti engin brögð til að vinna leikinn. Ekki að hanga á núlli í 120 mínútur og vinna svo í vítaspyrnukeppni. Ekki að múra fyrir markið og vona að andstæðingurinn næði ekki að skora. Ekkert slíkt.

Það sem íslenska landsliðið sýndi var frammistaða á heimsmælikvarða. Það spilaði svo vel að það átti skilið að vinna leikinn.

### Ísland átti strax svar

Það sem gerir sigurinn ef til vill enn merkari er sú staðreynd að Ísland lenti undir strax á fjórðu mínútu, er Wayne Rooney skoraði úr vítaspyrnu sem var dæmd á Hannes Þór Halldórsson fyrir að brjóta á Raheem Sterling.

En okkar menn áttu umsvifalaust svar. Eftir langt innkast frá Aroni Einari Gunnarssyni skallaði Kári Árnason boltann á Ragnar Sigurðsson sem skoraði af stuttu færi.

Englendingar ætluðu ekki að trúa eigin augum. Hvað þá þegar íslenska liðið, sem hefur á svo löngum köflum átt svo erfitt með að byggja upp sóknir á mótinu, náði eftir afar fallegt samspil að komast yfir. Gylfi Þór Sigurðsson lagði boltann fyrir Kolbein Sigþórsson, sem skoraði með góðu skoti. Þeir ensku áttu vissulegar sínar sóknir og sín færi. En okkar menn fengu betri færi til að skora, allra helst Ragnar sem átti bakfallsspyrnu við markteiginn sem Joe Hart var stálheppinn að fá í sig. Aron Einar og Birkir Már komu sér einnig í góð færi, sem segir sitt um styrkleika íslensku sóknarinnar í gær.

### Það besta frá upphafi

Ragnar átti nánast fullkominn leik í íslensku vörninni. Og hann var rólegur og yfirvegaður á blaðamannafundinum eftir leik og sagði að hann hafi í raun aldrei haft áhyggjur af sóknarleik enska liðsins.

„Eina færið sem ég man eftir var þegar [Harry] Kane fékk boltann á fjær og skallaði á Hannes. En annars voru þetta bara fyrirgjafir sem við komum í burtu, langskot sem fóru framhjá eða skot sem Hannes tók.“

Heimir Hallgrímsson lofaði frammistöðu Ragnars eftir leikinn. Landsliðsþjálfararnir hafa farið sparlega með lof um frammistöðu einstakra leikmanna heldur hafa þeir frekar lagt áherslu á samheldni og liðsheild.

„Þetta er sennilega besta frammistaða sem miðvörður hefur sýnt í íslenska landsliðinu,“ sagði Heimir og komst ekki hjá því að lofa frammistöðu Ragnars. Hápunktur frammistöðu hans og eitt mikilvægasta augnablik leiksins var þegar hann hirti boltann af Jamie Vardy, sem var sloppinn í gegn, með fullkominni tæklingu.

### Gleði heillar þjóðar

Fyrir leik var fullyrt af enskum fjölmiðlamönnum að tap fyrir Íslandi yrði það vandræðalegasta í sögu enska landsliðsins, í það minnsta kosti síðan að England tapaði fyrir Bandaríkjunum á HM 1950. Tapið kostaði landsliðsþjálfarann, Roy Hogdson, starfið en hann tilkynnti afsögn sína strax eftir leik.

Íslenska landsliðið er löngu búið að vekja heimsathygli fyrir frammgöngu sína síðustu vikur og misseri. Og nú settu okkar menn heimaland knattspyrnunnar á hliðina ofan á allt annað.

En öllu öðru fremur er afrek strákanna slíkt að ekki er hægt að líta fram hjá því sem einu af allra stærstu augnablikum þjóðarinnar, ekki bara í heimi íþróttanna heldur fyrir íslenskt samfélag.

Íslenska þjóðin samgladdist á einu augnabliki þegar knattspyrnudómari flautaði til leiksloka áleikvanginum Nice í gær. Leikmenn hlupu til stuðningsmanna til að deila gleðinni með þeim. Því sigurinn er ekki aðeins leikmannanna, hann er okkar allra. Virði slíks augnabliks er ómetanlegt fyrir þjóð.

Næst bíður Frakkland í 8-liða úrslitum. Gestgjafarnir á sjálfum þjóðarleikvanginum, Stade de France. Með leiknum í gær sýndu leikmenn að þeir eru með ljónshjarta og fyrir þá er ekkert fjall ókleift. Það ættu Frakkarnir að óttast helst nú.

**Þetta er sennilega besta frammistaða sem miðvörður hefur sýnt í íslenska landsliðinu.**

Heimir Hallgrímsson þjálfari



**Aðeins tveir nýliðar i sögu EM í fótbolta hafa unnið sinn fyrsta leik í útsláttarkeppni frá því að keppnin stækkaði 1980, Wales og Ísland á þessu EM.**

## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Giorgio Chiellini kom Ítölum yfir í 1-0 í fyrri hálfleik í 2-0 sigri á Evrópumeisturum Spánverja í gær. Hann varð þar með fyrsti maðurinn til að skora á móti Spáni í útsláttarkeppni á stórmóti síðan Zinedine Zidane á HM 2006. Chiellini átti einnig frábæran leik í vörn ítalska liðsins sem hefur ekki enn fengið á sig mark á EM í Frakklandi þegar Juventus-mennirnir Chiellini og Gianluigi Buffon markvörður eru saman inni á vellinum. Ítalska liðið stöðvaði sigurgöngu Evrópumeistara síðustu tveggja keppna með sannfærandi hætti og það verður fróðlegt að sjá hvort þeir geta gert það sama á móti heimsmeisturum Þjóðverja í átta liða úrslitunum.



**EM 2016 í Frakklandi í gær**

### 16 liða úrslit

**Ítalía - Spánn 2-0**
1-0 Giorgio Chiellini (33.), 2-0 Graziano Pellè (90.+2).

**England - Ísland 1-2**
1-0 Wayne Rooney, víti (4.), 1-1 Ragnar Sigurðsson (6.), 1-2 Kolbeinn Sigþórsson (18.).

### Leikirnir í 8 liða úrslitum

| | |
|---|---|
| Pólland - Portúgal | 30. júní |
| Wales - Belgía | 1. júlí |
| Þýskaland-Ítalía | 2. júlí |
| Frakkland - Ísland | 3. júlí |

**Ófædd dóttir mín er væntanleg í heiminn í október. Ég ætla að skíra hana Ragna Sigríður Logadóttir sama hvað konan segir.**

Logi Geirsson
@logigeirsson

### MESSI ENDAÐI LANDSLIÐSFERILLINN SINN GRÁTANDI

Lionel Messi tilkynnti það eftir tap í úrslitaleik Ameríkubikarsins í fyrrinótt að hann væri hættur í argentínska landsliðinu. Messi klikkaði á víti í vítakeppninni sem átti þátt í því að Argentína tapaði úrslitaleik í vítakeppni á móti Síle annað sumarið í röð. Messi hafði fyrr í keppninni orðið markahæsti landsliðsmaður Argentínu frá upphafi þegar hann skoraði sitt 55. landsliðsmark og bætti met Gabriels Batistuta. Messi tókst aldrei að vinna titil með landsliðinu en hann hefur unnið 28 titla með liði sínu Barcelona á Spáni.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.05 | Víkingur Ó. - Þróttur | Sport |
| 19.15 | Víkingur Ó. - Þróttur | Ólafsvík |
| 19.15 | Fylkir - Víkingur R. | Fylkisv. |




Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 190 hestöflum og 420 Nm togi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lægsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og rafdrifinni opnun á afturhlera, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance Sensus Connect hljómtækjum með 7" skjá, internettengingu og DVD spilara. Volvo XC60 Executive kemur á 18" Leda álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Aðgengi og ræsing er lyklalaust. Bíllinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi (City Safety). Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 5,7 l/100 km og $CO_2$ losun er 149 g/km. Volvo XC60 er einnig fáanlegur beinskiptur frá 7.580.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Fagnið hjá strákunum okkar og fólkinu þeirra sem hefur vakið upp allan heiminn




**Fyrirliðinn stýrir stúkunni** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska fótboltalandsliðsins, fer hér fyrir fögnuði strákanna okkar eftir leik þar sem íslenska liðið og allir íslensku stuðningsmennirnir í stúkunni fagna saman með því að klappa saman höndunum í takt. Það er óhætt að segja að árangur íslenska liðsins sé orðinn að risastórri heimsfrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Maður leiksins**

## 10 Ragnar Sigurðsson

EINKUNN

**Mörk:** 1
**Heppnaðar hreinsanir:** 8
**Unnir boltar:** 5

Skoraði sitt annað landsliðsmark af harðfylgi og var frábær í vörninni eins og hann hefur verið allt mótið. Markið hans kom Íslandi inn í leikinn eftir áfallið í byrjun og hann var næstum því búinn að bæta við marki með hjólhestaspyrnu en Joe Hart varði. Ragnar átti tæklingu leiksins, jafnvel tæklingu mótsins, í seinni hálfleik þegar Vardy var að sleppa í gegn. Fullt hús.



Gylfi Þór Sigurðsson og Birkir Bjarnason áttu báðir frábæran leik með íslenska liðinu í gær og fagna hér í leikslok þegar sigurinn var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Einkunnir leikmanna íslenska landsliðsins

**Hannes Þór Halldórsson — 8**
Versta mögulega byrjun þegar Hannes gaf víti með því að keyra Sterling niður. Lét það ekki buga sig og var öryggið uppmálið í markinu og átti mjög góðan leik.

**Birkir Már Sævarsson — 8**
Missti Sterling inn fyrir sig í vítinu en annars hélt hann kantmanninum ágætlega í skefjum. Tók enga áhættu og þrumaði boltanum í burtu við fyrsta tækifæri.

**Kári Árnason — 9**
Lagði upp mark annan leikinn í röð eftir langt innkast frá Aroni. Turninn í vörninni og sýndi Englendingum enga virðingu. Góður talandi og þeir Raggi flottir sem fyrr.

**Ari Freyr Skúlason — 8**
Undir mikilli pressu því vitað var að Englendingarnir myndu reyna að keyra upp hægra megin. Stóðst hana með ágætum og þeir Birkir unnu vel saman í vörninni.

**Gylfi Þór Sigurðsson — 9**
Þetta var leikurinn hans Gylfa. Hann nýtur sín í enskum fótbolta og greinilega gegn Englandi líka. Stjórnaði sókninni og vann boltann svo aftur og aftur í vörninni.

**Jóhann Berg Guðmundsson — 7**
Hefur átt betri leiki og fyrsta snerting sveik hann nokkrum sinnum. Sinnti varnarvinnunni samt vel að vanda.

**Aron Einar Gunnarsson — 8**
Þvílíkur fyrirliði. Leiðtoginn með vopnið mikilvæga, innköstin, sem aftur skiluðu marki. Vann boltann aftur og aftur en datt stundum í þá gryfju að senda blint þegar hann var að reyna að hjálpa Íslandi að ná upp spili.

**Birkir Bjarnason — 9**
Afar duglegur að aðstoða Ara Frey og unnu þeir vel saman. Óþreytandi og gekk vel að halda boltanum þegar á þurfti að halda.

**Jón Daði Böðvarsson — 8**
Sami dugnaðurinn og áður en gekk ekki alveg jafn vel að taka á móti boltanum og halda þegar þurfti.

**Kolbeinn Sigþórsson — 8**
Það voru allir að bíða eftir marki frá Kolla því hann skorar nánast alltaf. Nú kom það eftir frábæra sókn íslenska liðsins. Gekk ekki nógu vel að halda boltanum en vann vel til baka þegar þurfti.

**Theodór Elmar Bjarnason — -**
Kom inn á fyrir Kolbein á 77. mínútu leiksins. Kom inn með orku, kraft og elti hvern einasta bolta. Frábær leikmaður til að geta sett inn á.

**Arnór Ingvi Traustason — -**
Kom inn fyrir Jón Daða Böðvarsson á síðustu mínútunum (89. mín.) með ferska og óþreytta fætur og skilaði sínu hlutverki vel.

**Ísland 2**
Mörk
1-1 Ragnar Sigurðsson (6.)
2-1 Kolbeinn Sigþórsson (18.)

**England 1**
Mörk
0-1 Wayne Rooney, víti (4.)



**Heppnaðar sendingar**

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 23 |
| Birkir Bjarnason | 23 |
| Hannes Þór Halldórss. | 17 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 16 |

**Snertingar á boltann**

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 56 |
| Ari Freyr Skúlason | 54 |
| Hannes Þór Halldórss. | 44 |
| Ragnar Sigurðsson | 43 |

**Unnir boltar**

| | |
|---|---|
| Ragnar Sigurðsson | 5 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 5 |
| Kári Árnason | 4 |
| Aron Einar Gunnarsson | 2 |

**Með boltann**

Ísland 37% – England 63%

**Skot**: 8 – 18

**Skot á mark**: 5 – 5

**Unnar tæklingar**

| | |
|---|---|
| Birkir Már Sævarsson | 7 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 4 |
| Ragnar Sigurðsson | 3 |
| Ari Freyr Skúlason | 3 |

**Heppnaðar hreinsanir**

| | |
|---|---|
| Ragnar Sigurðsson | 8 |
| Kári Árnason | 4 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 3 |
| Aron Einar Gunnarsson | 2 |

**Unnin skallaeinvígi**

| | |
|---|---|
| Ragnar Sigurðsson | 4 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 4 |
| Jón Daði Böðvarsson | 4 |
| Kári Árnason | 3 |



**Hlupu mest** (Ísland)

| | | |
|---|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 11,04 km | 12 km |
| Jón Daði Böðvarsson | 10,84 km | 12 km |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 10,81 km | 12 km |

**Hlupu mest** (England)

| | | |
|---|---|---|
| Deli Alli | 11,49 km | 12 km |
| Harry Kane | 10,54 km | 12 km |
| Danny Rose | 9,80 km | 12 km |

# NUTRILENK GOLD – LÍKA FYRIR HUNDA

**ARTASAN kynnir** NUTRILENK GOLD hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Það sem færri vita er að NUTRILENK GOLD getur líka hjálpað hundum sem þjást af liðverkjum.

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskvefur manna rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Áralöng reynsla og rannsóknir á NUTRILENK gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Margir dýralæknar eru nú þegar farnir að mæla með NUTRILENK fyrir sína skjólstæðinga.

NUTRILENK GOLD er gert úr sérvöldum fiskibeinagrindum sem samkvæmt rannsóknum eru rík af virku og nýtanlegu kondritíni, kollagenum, mangan og kalki og hjálpar til við uppbyggingu brjósks og getur komið í veg fyrir frekari liðskemmdir

„Hundurinn minn fékk bata með NUTRILENK,“ segir Svava Johansen, kaupmaður og eigandi hundsins Lucasar

Svava og fjölskylda eiga labradorhundinn Lucas sem er tæplega fimm ára. Fyrir hálfu ári var Lucas farinn að haltra á framlöppinni og var greinilega mjög þjáður.

„Maðurinn minn, fór með Lucas til dýralæknis þar sem ýmislegt var reynt s.s. sérstakt fæði fyrir hunda með liðagigt, lyf og lasermeðferð en ekkert virkaði. Eftir samtal við lækninn vorum við orðin verulega hrædd um að það myndi enda með að það þyrfti að lóga honum.

Ég hef sjálf notað NUTRILENK GOLD með góðum árangri og ákvað að prófa að gefa Lucasi það. Hann fékk 6 töflur á dag í byrjun og eftir rúma viku var hann farinn að hlaupa á eftir boltanum sínum. Breytingin var ótrúleg. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK fyrir hunda því það virkaði svo sannarlega á okkar hund,“ segir Svava.






„Hundurinn minn fékk bata með NUTRILENK,“ segir Svava Johansen, kaupmaður og eigandi hundsins Lucasar.

> Eftir rúma viku var hann farinn að hlaupa kátur á eftir boltanum sínum, greinilega verkjalaus. Breytingin var ótrúleg!
>
> Svava Johansen

**Útsölustaðir:** **Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.**

Coca-Cola
Polla mót Þórs og Icelandair á Akureyri
ICELANDAIR
FÓTBOLTAFESTIVAL 1. OG 2. JÚLÍ
Konur 20+ karlar 30+
Safnið vinum og vinkonum í lið og takið þátt
kvölddagskrá:
FÖSTUDAGSKVÖLD // Bjartmar Guðlaugs // Binni D og laumufarþegarnir
LAUGARDAGSKVÖLD // Ballið í Boganum // Stjörnusveit Matta Matt // Stebbi Jak
Stefanía Svavars // Þórsbandið
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN
Allar nánari upplýsingar á www.pollamot.is - Vertu vinur pollamótsins á facebook



# HOLLT OG HRESSANDI AÐ HÚLLA

Húlladúllan stendur fyrir hóphúlli á Eiðistorgi klukkan hálf fimm í dag. Húlladúllan heitir í hversdagsleikanum Unnur María Bergsveinsdóttir og lofar gleði og heilsubót þar sem húllahringir í öllum stærðum og gerðum verða til afnota.

„Það er svo skemmtilegt að húlla en líka svo hollt,“ segir Unnur María sem hefur húllað á fullu í þrjú ár. „Ég hef síðan í vor verið með viðburði sem ég kalla húllafjör. Þá mæti ég á auglýstan stað með húllahringi og allir fá að prófa og svo labba ég á milli og er að hjálpa fólki út frá því sem það kann. Þannig að þetta er kennsla en líka bara skemmtun. Fyrsta húllafjörið var í Hljómskálagarðinum og síðan er ég búin að standa fyrir húllafjöri nokkuð víða. Ég hef verið einu sinni áður á Eiðistorgi og þar eru kjöraðstæður til að húlla, alltaf hlýtt og aldrei rigning en ef sólin skín njótum við þess gegnum glerþakið. Svo er ég með skemmtilega tónlist og stemmingin er alltaf mjög góð.“ Og það eru engin takmörk á því hverjir húlla. „Það geta allir komið,hvort sem þeir kunna eitthvað að húlla eða ekki en ef ég sé að getustigið í hópnum er svipað þá prófa ég að kenna rútínu við hæfi. Ég er með alls konar hringi, bæði litla, stóra og risastóra svo það er ekkert mál að finna rétta hringinn. Það geta allir húllað.“

Húllafjörið stendur frá hálffimm til hálfsjö. „Það skiptir samt ekki máli hvenær fólk mætir, það er engin stíf dagskrá og alltaf hægt að slást í hópinn.“ Unnur mælir með þægilegum klæðnaði en tekur fram að það sé hægt að húlla í alls konar fötum. „Það eina sem gæti verið heftandi væri ef fólk er með stór belti um mittið. En ef svo er þá kenni ég bara skemmtilegt handahúll.“

Aðspurð telur Unnur upp þrjú atriði sem eru húllaholl: „Í fyrsta lagi styrkir það maga- og bakvöðva sérstaklega mikið. Svo er bæði hægt að húlla með höndum og fótum sem eru endurteknar hreyfingar með hlut sem hefur létta þyngd og styrkir þá viðkomandi líkamshluta án þess að valda miklu álagi. Og svo er það auðvitað gleðin. Fólk bæði hreyfir sig meira og betur ef því finnst gaman að hreyfingunni. Og það er svo gaman að húlla, auðvelt að læra eitthvað nýtt og þá upplifir maður árangur.“

> Það geta allir komið,hvort sem þeir kunna eitthvað að húlla eða ekki.

Ef einhver skyldi smitast af húllabakteríunni er hægt að kaupa sér húllahring á staðnum. „En svo er líka hægt að panta og sérhanna sinn eigin hring sem hefur verið mjög vinsælt.“

Það er hægt að panta húlladúlluna til að skemmta við hin ýmsu tilefni, bæði opinber eins og bæjarhátíðir, og einkasamkvæmi. „Ég var til dæmis í barnaafmæli um daginn og kenndi fullt af níu ára strákum að húlla. Svo hef ég verið í gæsa- og steggjapartíum og hvataferðum svo dæmi séu tekin.“

Húllafjörið á Eiðistorgi er ókeypis en tekið er á móti frjálsum framlögum til að standa straum af kostnaði. Hægt er að hafa samband við Húlladúlluna á Facebook.

**brynhildur@365.is**



Unnur María lofar húlluðu fjöri á Eiðistorgi klukkan hálf fimm í dag. MYND/ANTON BRINK

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Þurr augu?



Tvöföld virkni

Sex sinnum lengri ending

Nýtt

án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Fæst í öllum helstu apótekum.

provision

# Gott til að auka járnbúskap

Járnskortur eða blóðleysi er ein algengasta orsökin fyrir næringarskorti hjá fólki. Járnskortur er algengur hjá ungum konum en einnig getur hann komið upp hjá eldra fólki. Ekki er gott að börn greinist með járnskort þar sem það getur tafið eðlilegan þroska þeirra.

Hægt er að auka járnbúskap líkamans með réttu mataræði. Einstök matvæli innihalda meira járn en önnur. Flestir vita að lifur er járnrík en hún er ekki á þessum lista sem vefsíðan www.verywell.com tók saman. Ástæða þess er að lifrin er há í kólesteróli. Mjólk er ekki heldur á þessum lista né aðrar mjólkurvörur. Mikil mjólkurdrykkja getur komið í veg fyrir fullnægjandi upptöku járns úr fæðunni. Ef járnskortur er mjög mikill getur mataræðið ekki breytt því eitt og sér. Læknir meðhöndlar mikinn járnskort en alltaf er hægt að hjálpa til með réttu mataræði og vera meðvitaður um hvað líkamann vantar. Svo er ágætt að koma í veg fyrir járnskort með forvörnum, það er réttu fæði.



Það er ekki bara rautt kjöt sem er járnríkt. Kjúklingur er sömuleiðis járnríkt kjöt og ekki er verra að borða spergilkál með.

## KJÖT, SKELFISKUR EÐA TOFU

Oftast er talað um nautakjöt vilji maður auka járninntöku. Hins vegar er kjúklingur, lamba- og svínakjöt ásamt kalkúna járnaukandi. Kjöt inniheldur svokallað „heme“ járn en það er auðvelt fyrir líkamann að vinna úr því. Fyrir þá sem borða ekki kjöt eru aðrir möguleikar. Rækjur, skelfiskur og ostrur innihalda sama góða járnið og kjöt. Það er gott fyrir líkamann að vinna járn úr þessum afurðum. Fyrir þá sem borða hvorki kjöt né sjávarrétti er bent á tofu. Það er bæði ríkt af járni og prótíni. Forðist tofu með viðbættu kalki ef ykkur vantar járn. Þá eru flest allar baunir járnríkar.



## GRÆNMETI OG ÞURRKAÐIR ÁVEXTIR

Spergilkál og kartöflur eru frábærir járngjafar. Að auki innihalda þessi matvæli C-vítamín sem hjálpar líkamanum að vinna úr járninu. Margar tegundir af grænmeti innihalda járn, má þar nefna allt grænt salat, ferskt grænmeti, grænar baunir og tómata. Tómatsafi er einn af fáum slíkum sem innihalda járn.

Þurrkaðir ávextir, svo sem apríkósur, ferskjur, sveskjur og rúsínur eru járnríkar og frábært nasl að auki. Gamli góði ávaxtagrauturinn eða sveskjugrautur ætti að vera á borðum þeirra sem þurfa að bæta við sig járni. Sveskjusafi er sömuleiðis járnríkur.

## HNETUR OG FRÆ

Allar helstu hnetur eins og kasjú, heslihnetur, pistasíur og möndlur innihalda járn, Mjög gott er að borða hnetur, möndlur og þurrkaða ávexti á milli mála. Graskersfræ eru einnig mjög járnrík og frábært að setja þau út á salatið. Ef rista á grasker skal gera það á vægum hita, mikill hiti getur skemmt járnið í þeim.



Tofu er járnríkt og kemur í stað kjöts fyrir grænmetisætur. Þó ætti alltaf að velja tofu án viðbætts kalks.

Gott heilkorna brauð og ýmislegt morgunkorn inniheldur járn ásamt vítamínum og steinefnum. Þá eru ónefndir ávextir sem innihalda járn og C-vítamín. Þar má nefna appelsínur, sítrónur, límónur, vatnsmelónur og kíví. Endilega setjið ávexti út í salatið, borðið þá í eftirrétt eða á milli mála.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN, PRASTALUNDI,**

**801 SELFOSS**

Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf einnig afgreiðslufólki í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari upplýsingar sverrir@brimhotel.is

### Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

### Viðskiptatækifæri



Tækifæri Parketþjónustu rekstur til sölu, næg verkefni. www.parketslipunmeistarans.is -7817200

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Maður um fertugt óskar eftir að kynnast konu milli 25-50 ára. Skiljið eftir nafn og símanr. á bjarkiBFS@outlook.com


Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


### atvinna


SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL EHF s. 777 2 333





## fasteignir

**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



### Heiðargerði 26
190 VOGAR

STÆRÐ: 198 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 4

**Sérlega glæsilegt, vel hannað og gott einbýlishús á tveimur hæðum í grónu hverfi í Vogum. Aðeins einn eigandi frá upphafi.**

**Áhugasamir hafið samband og bókið skoðun í síma 696 0707**

**47.300.000 KR**



*Heyrumst*
**Þórunn Gísladóttir**
Löggiltur fasteignasali
› 510 7900
› thorunn@fastlind.is



*Heyrumst*
**Stefán Jarl Martin**
Löggiltur leigumiðlari
Sölufulltrúi
› 892 9966
› stefan@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Kirkjulundur 14 – Garðabæ. 3ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsileg 108,4 fm. íbúð á 1. hæð í vönduðu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Garðabæ, þaðan sem stutt er í alla þjónustu. Yfirbyggðar opnanlegar flísalagðar svalir til suðurs og mynddyrasímakerfi. Sér bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög smekklega innréttuð úr vönduðum byggingarefnum. Eikarparket er á gólfum, innréttingar og innihurðir eru úr eik og granít er í gluggakistum og á öllum borðplötum. Strimlagardínur eru í allri íbúðinni. **Verð 53,9 millj. Verið velkomin.**

**Strandvegur 20- Garðabæ.**
**4ra herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega glæsileg 124,5 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu auk sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er mjög björt með rúmgóðum suðursvölum og fallegum útbyggðum glugga til norðurs þaðan sem nýtur gífurlega fallegs útsýnis m.a. til sjávar. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**

## til sölu

**PIONER STEADY**

# BÁTAR Í VINNU OG LEIK



Norsku **Pioner-bátarnir** hafa verið framleiddir síðan 1959. Þeir eru úr tvöföldu plasti og þola mikið álag, jafnt hita sem kulda. **Steady-bátarnir** eru líka framleiddir af Pioner úr endingargóðum efnum og þarfnast lítils viðhalds, eru meðfærilegir og einstaklega stöðugir. Bátarnir CE-vottaðir af DNV, norsku öryggisstofnuninni. **Ýmsar stærðir og gerðir í boði.**

olís
Beint samband við sölumann 515 1266
Söluver 515 1100 | olis.is/batar

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn, fósturfaðir, afi, langafi og bróðir,

**Sigurður Vilberg Egilsson**
Hólagötu 1, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 24. júní.

Útförin fer fram frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 1. júlí. kl. 13.00.

**Selma Jónsdóttir**
**Elín Þóra Albertsdóttir**
**Björn Rúnar Albertsson** **Sólveig Anna Einarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.**

ÞETTA GERÐIST: 28. JÚNÍ 1997

## Tyson beit stykki úr eyra Holyfields

Hnefaleikakappinn Mike Tyson gerði sér lítið fyrir og beit stykki úr hægra eyra kollega síns, Evanders Holyfield, þennan dag árið 1997. Þeir mættust í hringnum í MGM Grand Garden Arena-höllinni í Las Vegas og kepptu um WBA-beltið í þungavigt. Þegar 40 sekúndur voru eftir af þriðju lotu gerðust ósköpin og þegar Tyson endurtók leikinn og beit Holyfield í vinstra eyrað batt dómarinn enda á bardagann.





✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og eiginkona,

**Ingigerður Guðmundsdóttir**
Brekkubraut 9, Keflavík,

lést þann 19. júní sl. Útför verður miðvikudaginn 29. júní kl. 13.00 frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Friðrik Már Valgeirsson**
**Ingi Garðar Friðriksson**
**Magnea Friðriksdóttir**
**og Sandra Dögg Friðriksdóttir**



✝

Bróðir okkar, mágur og frændi,

**Hallgrímur Sylverius Hallgrímsson**

Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík, lést á gjörgæsludeild Háskólasjúkrahússins í Stavanger fimmtudaginn 23. júní.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristín Hallgrímsdóttir** **Helgi Már Alfreðsson**
**Gísli Hallgrímsson** **Hrefna Andrésdóttir**
**Gunnar Hallgrímsson**
**Helga Hallgrímsdóttir** **Júlíus Aðalsteinsson**
**Guðrún Hallgrímsdóttir** **Alfreð Hallsteinsson**
**Ásgeir Hallgrímsson** **Rósa Marteinsdóttir**
**og systkinabörn.**



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**
*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*
**Áratuga reynsla við útfararþjónustu**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdadóttir og systir,

**Steinunn Lára Þórisdóttir**
viðskiptafræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 16. júní.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 30. júní klukkan 13.00.

**Þorleifur Gunnar Gíslason**
